

Múspilið

Hver getur gómað flesta bitana?

Leikmenn: 2-6

Aldur: frá 4 ára

Leiktími: 15 mínútur

Höfundur: Jacques Zeimet

Myndskreytir: Rolf Vogt

Hönnun: Johann Rüttinger, Lena Kappler

Ritstjóri: Kathi Kappler

Innihald:

- 1 kringlótt músahringekja með 6 hólkum
- 7 trémýs
- 14 litaðir límdeplar
(aukasett fylgir)
- 24 ostbitar
(7 x 3 litaðir, 3 gullbitar)
- 1 lítill poki
- Leiðbeiningar

Hugmyndin að spilu:

Sex litar mýs liggja í holunum sínum og bíða eftir gómsætum osti. Hins vegar kemst bara ein mús í einu á matarsvæðið. Ef hún finnur uppáhalds ostinn sinn þar má hún borða hann.

Undirbúningur fyrir leikinn:

Einn límdepill er settur á litla hringinn sem er á bakinu á músunum sjö.

Sex músunum er ýtt inn í göngin að utanverðu, þannig að litlu munnarnir þeirra snúi að matarsvæðinu.

Sjöunda músin er „frjáls“ og bíður við hliðina á leiksvæðinu. Hringekjunni er snúið þannig að staðsetning músanna er öllum hulin þegar spilið byrjar. Að lokum eru allir 24 ostbitarnir settir í litla pokann.

Markmið:

Sá sem hefur náð flestum ostbitum í lok spilsins vinnur!

Spilið:

Yngsta barnið dregur - **með lokuð augun** - þrjá ostbita úr litla pokanum og setur þá í miðjuna á hringekjunni.

Síðan ýtur það lausu músinni inn í einhver göng, að utanverðu, þannig að ein mús skýst út á matarsvæðið.

Núna sést depillinn á nýju „frjálsu“ músinni:

1. Ef þessi mús finnur ostbita í sama lit og depillinn á bakinu á sér, má hún „éta“ hann, þ.e. barnið setur bitann við hliðina á sér og heldur áfram að spila.
2. Ef músin finnur marga ostbita í „uppáhalds litnum“ sínum, fær barnið að sjálfsgöðu þá alla!
3. Aftur á móti ef músin finnur engan ost í sínum lit er þessi umferð búin og næsta barn fær að gera. (Við spilum réttisælis.)
4. Ef músin étur allt á matarsvæðinu, má barnið sem er að gera, taka þrjá nýja ostbita úr pokanum, setja þá í miðjuna og halda áfram að spila.
5. Sá sem dregur gullost setur hann ekki aðeins í miðjuna, heldur ofan á annan ostbita að eigin vali. Þar sem það er engin gyllt mús í spilinu, **verður þessi gullostur aðeins borðaður með bitanum sem er undir honum!**
6. Athugið: „Frjálsa“ músin bíður alltaf við hliðina á leiksvæðinu og má aldrei borða ostbitana um leið og þeir eru dregnir!

Lok spilsins og sigurvegari:

Spilinu lýkur þegar allur maturinn hefur verið „borðaður“. Sá sem safnaði flestum ostbitunum vinnur og er konungur/drottning músanna!

Útfærsla fyrir eldri krakka:

Eins og í grunnspilinu eru þrír ostbitar settir í miðjuna. Í þessari útfærslu snýst leikurinn um „allt eða ekkert“, t.d.: aðeins ef þér tekst að „borða“ allt á matarsvæðinu í einu, færðu alla þrjá bitana eins og þú átt skilið. Annars (ef þér tekst þetta ekki) er þeim skilað í miðjuna og umferðinni er lokið. Næsti leikmaður má nú gera. Eftir hverja velheppnuðu umferð, endurnýjar leikmaðurinn fyrst miðjuna með þremur nýjum ostbitum. Hann ákveður síðan hvort hann vilji halda áfram með umferðina eða sitja hjá, ef hann gerir það á næsti leikmaður að gera.

Gullostur

Þegar gullbitar eru dregnir eru þeir einfaldlega settir í miðjuna og mega líka vera étnir hver fyrir sig. Leikmaðurinn ákveður hver af litnum sjö jafngildir gullbitanum/unum með því að tilkynna það upphátt, áður en lausu músinni er ýtt inn í hólkin. Liturinn sem var valinn er gildur þangað til allir þrír ostbitarnir hafa verið étnir. Í lokin gefur hver gullbiti 2 stig!

Lok spilsins og sigurvegari:

Spilinu lýkur þegar búið er að skipta út öllum matarbitunum.

Talning:

Hver litaður ostbiti gefur 1 stig,
Hver gullbiti gefur 2 stig.

Sá sem hefur flest stig vinnur!

BOX: side

Hliðar á kassa og framan á kassa:

Múspilið

Hver getur gómað flesta bitana?

Box bottom

Aftan á kassa:

Músaspilið

Hver getur gómað flesta bitana?

Sjö fimar mús skjótast á milli felustaða og eru aldrei þar sem þú heldur að þær séu.

Í þessari ruglingslegu hringekju reyna krakkarnir að gefa svöngu músunum að borða. En það er ekki alltaf auðvelt að lokka þær út úr holunum, því þessar vandlátu mús borða bara „uppáhalds ostinn sinn“!

Inniheldur smáhluti. Ekki ætlað börnum yngri en 3 ára.
Framleitt í Þýskalandi.

Item 6070

5690330044376